

18-07-2008

Byggingafulltrúi uppsveita Árnassýslu og Flóa / Helgi Kjartansson

2008-07-04-945

Gögn varðandi byggingu sumarhúss og geymslu í landi Eystra-Geldingaholts (land nr. 194 247)

Sæll Helgi.

Ég hef nú greitt byggingaleyfisgjald og fengið sent tilbaka frá ykkur áritaða teikningu af útliti og afstöðu.

Ég hef hug á því að breyta örlítið frá því sem sýnt er þar og fylgja hér með leiðréttar og áritaðar teikningar af því. Það sem mig langar að gera, er að víxla húsunum og snúa geymslunni um leið um 90°. Eftir að vera búin að vera á svæðinu finnst mér þetta ganga betur upp, og er þetta einnig í samræmi við skipan húsa á lóðunum sitt hvoru megin við þar sem geymslur eru þvert á aðalhús.

Húsin eru eftir sem áður inni á sama byggingareit og stærð er óbreytt. Skráningartafla og allt slíkt er því algjörlega óbreytt. Um leið og ég sný geymslunni breyti ég hurðaskipan til samræmis. Einnig fylgir með þessu bréfi áritaðar burðarþolsteikningar af geymslu og taka þær mið af breytingunum. Ég hef áður sent ykkur burðarþolsteikningar af súluundirstöðum.

Ég vona að þessi tilfærsla kalli ekki á annað samþykktarferli, en ef svo skyldi vera vil ég biðja þig að hringja í mig.

Ég hef hug á því að steypa súlur undir minna húsið einhverntíma á komandi vikum og mun hafa samband við ykkur áður.

Kveðja,

*Stefán Sigurðsson*

Stefán Sigurðsson

Sími: 840 7566

*Gullahvarfi 8*

*203 740p.*

Skipulags- og byggingarfulltrúi  
uppsveita Árnassýslu

21. júlí 2008

Móttekið